



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing ÞÝSK1AB05	

Búið til – útg.	22. sept 2016
Námsgrein	Þýska
Titill	Þýska 2 fyrir grunn notanda - b
Skammstöfun	ÞÝSK1AB05
Viðfangsefni	Evrópski tungumálaramminn, framhalds, stig a1
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	1
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Unnið er að færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Orðaforði eykst og ný málfræðiatríðið eru æfð. Nemendur þurfa í auknum mæli að tjá sig munnlega og textar verða smám saman lengri og þyngri. Flétt er inn í kennsluna upplýsingum um menningu og staðhætti þýskumælandi landa. Áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og að þeir fylgist með framvindu náms síns og framförum í samræmi við evrópska tungumálamöppu. Nemendur eru þjálfaðir í notkun þýsk-þýskrar orðabókar.
Forkröfur áfanga	ÞÝSK1AA05
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans. • Grundvallarþætti þýska málkerfisins. • Staðhættum, samskiptavenjum og menningu þýskumælandi landa og þjóða
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • greina talað mál um kunnugleg efni þegar talað er fremur hægt og skýrt og geta fylgt einföldum fyrirmælum. • lesa og greina þyngri og lengri texta sem innihalda algengan orðaforða • taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir • tjá sig um liðna atburði, nánasta umhverfi, eigin tilfinningar og reynslu auk þess að afla sér einfaldra upplýsinga með því að beita

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing ÞÝSK1AB05	

	grunnorðaförða tungumálsins og nota til þess m.a. þýsk-þýska orðabók
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlusta á og greina talað mál um kunnugleg efni og draga viðeigandi ályktanir • rökstyðja og bera saman notkun á einföldum textum yfir athafnir daglegs lífs • leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum • draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að vísa veginn, gefa upplýsingar um búsetu ofl. • skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval sitt í skapandi skrifum
Námsmat	Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Námsmat er í formi símats, sem byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.